

Reykjanesbær
Gunnar Kr Ottosson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 3. júní 2022
UST202205-376/A.Þ.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – efnislosunarsvæði - Reykjanesbæ

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir efnislosunarsvæði í Reykjanesbæ.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir losun óvirks úrgangs á svæðinu sem skipulagslýsingin nær til og að mögulegt verði að skoða annars konar losun síðar.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða urðun óvirks úrgangs en urðun úrgangs fellur undir töluliði 11.02 eða 11.03 í 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er því ávallt annað hvort matsskyld eða tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að urðun óvirks úrgangs er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun skv. c. og d. lið viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Stofnunin bendir á að skv. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal nota landnotkunarflokkinn *iðnaðarsvæði (I)* þegar um sorpuurðunarsvæði ræðir. Því telur stofnunin að skilgreina ætti svæðið sem iðnaðarsvæði, en ekki efnislosunarsvæði, ef fyrirhugað er að losa/urða þar óvirkan úrgang.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í tillögu að deiliskipulagi komi fram hvernig landmótun verði háttáð og að skilgreint verði útlit haugsins að landmótun lokinni. Mikilvægt er að haugsvæðið verði aðlagð að næsta nágrenni.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri